

Sp.

70. Fyrirspurn

[64. mál]

til sjávarútvegsráðherra um þorskstofninn.

Frá Guðlaugi Gíslasyni.

1. Hvað áætla fiskifræðingar að þorskstofninn á Íslandsmiðum hafi verið stór að tölu til og magni í tonnum: a) 1973, b) 1974, c) 1975, og hvað áætla þeir stærð þorskstofnsins á Íslandsmiðum 1978?
2. Hvað stóran hluta að tölu til og magni áætla fiskifræðingar hrygningarstofn þorsksins, sem til hrygningar kemur:
 - a) á svæðinu frá Stokksnesi vestur um að Látrabjargi,
 - b) á öðrum hafsvæðum við landið?
3. Hefur Hafrannsóknastofnunin látið gera athuganir á hvaða árangur friðun hrygningarsvæðisins á Selvogsbanka og friðun svæðisins fyrir Norðausturlandi hefur borið?
4. Ef athuganir hafa verið gerðar, hverjar eru niðurstöður þeirra?